

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. maí 2025

Mál nr. E-2807/2024:

A

(Jóhannes Stefán Ólafsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 13. maí 2025, var höfðað 8. maí 2024 af A, [...], [...], á hendur íslenska ríkinu, til heimtu skaðabóta.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 2.000.000 króna, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 10. september 2023 til 8. janúar 2024, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, að mati dómsins stefnanda að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins. Til vara er þess krafist að stefnukrafa verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

## Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Í skýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að 10. september 2023 hafi lögreglumenn veitt bifreiðinni [...] eftirtekt þar sem henni var ekið [...] til vesturs á mótis við Olís [...]. Lögregla hafi gefið ökumanni, sem var stefnandi þessa máls, merki um að stöðva aksturinn og það hafi hann gert. Lögregla hafi rætt við stefnanda til að kanna með ástand hans og réttindi. Sjáöldur hans hafi verið áberandi útþanin og hann hafi verið sljór í háttum, þurr í munni og fjarrænn. Stefnandi hafi viðurkennt neyslu á kannabisefnum fyrir átta mánuðum. Þá hafi hann tekið fram að hann notaði lyfið Suboxone og ýmis önnur lyf, sem hann hafi sagt að ekki væru þríhyrningsmerkt. Hann hafi sagt ekki vera með lyfjaskírteini.

Í lögregluskýrslunni kemur fram að stefnanda hafi verið kynnt að hann væri handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna og/eða lyfja. Honum hafi verið kynnt réttarstaða sakbornings og hann verið fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu til

sýnatöku. Þar hafi stefnanda verið birt upplýsingablað handtekinna manna, sem hann hafi kynnt sér en neitað að skrifa undir. Stefnanda hafi verið boðið að gefa þvagsýni í ToxCup sem hann hafi samþykkt. Stefnandi hafi þó ekki haft erindi sem erfiði þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir og vatnsdrykkju. Hjúkrunarfræðingur hafi dregið blóð úr honum í þágu rannsóknar málsins. Að því loknu hafi stefnandi verið frjáls ferða sinna.

Í vottorði útgefnu 20. september 2023 af B, þáverandi lækni á sjúkrahúsinu Vogu, kemur fram að stefnandi hafi legið inni til meðferðar á sjúkrahúsinu og fái viðhaldsmeðferð við ópíóðafíkn, sem felist í töku suboxone daglega. Það sé því eðlilegt að þetta lyf fyrirfinnist í blóði hans og þvagi. Í vottorðinu segir að lyfið, í þeim skömmtum sem stefnandi tiki, hafi ekki áhrif á stjórnun ökutækja. Í vottorðinu kemur fram að endurtekin viðtöl og eftirlit gefi ekki annað til kynna en að hann tiki lyf sín samvisskusamlega og eftir fyrirmælum lækna á Vogu.

Í matsgerð tveggja lyfjafræðinga á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 19. október 2023, kemur fram að í blóðsýni stefnanda hafi mælst 72 ng/ml af Quetiapini, sem sé lyf í flokki geðrofslyfja, sem virki aðallega á miðtaugakerfið og geti haft áhrif á árvekni. Þá hafi þar mælst 15 ng/ml af efninu búprenorfíni, sem sé verkjalyf í flokki ópíata, sem hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti skert hæfni manna til aksturs bifreiða, og mælst hafi 14 ng/ml af norbúprenorfíni, sem sé virkt umbrotsefni þess efnis. Þá segir í matsgerðinni að af þessum sökum megi telja víst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Með bréfi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 30. október 2023, var stefnanda tilkynnt, með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að rannsókn málsins hefði verið hætt þar sem ekki væri talinn grundvöllur til að halda henni áfram. Kæmu ný sakargögn fram í málinu væri hins vegar unnt að taka rannsóknina upp að nýju, sbr. 3. mgr. 57. gr. sömu laga.

Með bréfi lögmans stefnanda til ríkislögmans, dags. 8. desember 2023, krafðist stefnandi á grundvelli 246. gr. sakamálalaga skaðabóta vegna framangreindra atvika, að fjárhæð 150.000 krónur, auk 217.000 króna lögmanskostnaðar. Með svarbréfi ríkislögmans, dags. 2. maí 2024, var bótakröfu stefnanda hafnað. Skilyrði bótaskyldu væru ekki fyrir hendi, en þó svo væri ekki hefði bótaréttur stefnanda fallið niður. Málið var höfðað þegar í kjölfar þessa og gerir stefnandi hér kröfu um skaðabætur að fjárhæð 2.000.000 króna. Stefndi telur að bótaréttur stefnanda vegna atvika málsins hafi fallið niður þar sem hann hafi sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðunum, en því er stefnandi ósammála. Um þetta snýst ágreiningur málsins í meginatriðum, en auk þess telur stefndi fjárhæð kröfunnar allt of háa.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Þá bar þar vitni í síma C, læknir á Vogu.

## Málsástæður og lagarök stefnanda

Bótakrafa stefnanda byggist á því að embætti lögreglustjóra hafi með aðgerðum sínum stofnað til skaðabótaskyldu íslenska ríkisins gagnvart stefnanda samkvæmt 246. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þegar stefnandi hafi verið stöðvaður við akstur 10. september 2023 hafi lögreglan haldið því fram að um ölvunar- og/eða lyfjaakstur væri að ræða. Stefnandi, sem ekkert hafi sér til sakar unnið, hafi neitað því, en þrátt fyrir það hafi hann verið handtekinn að ósekju og færður á lögreglustöð í blóðprufu.

Blóðprufan hafi væntanlega sýnt fram á sakleysi stefnanda enda hafi honum verið tilkynnt um að rannsókn málsins væri hætt með bréfi, dags. 30. október 2023. Þar komi fram að enginn grundvöllur hafi verið til að halda rannsókn málsins áfram. Stefnandi hafi því sannanlega ekki verið undir neinum áhrifum, enda hafi rannsókn á blóði sýnt fram á þá niðurstöðu, og það hafi leitt til niðurfellingar málsins. Hann hafi því ekki gerst sekur um þann vímuefnaakstur sem honum hefði verið gefinn að sök. Að endingu hafi því ekki verið ástæða fyrir handtökunni og frelsissviptingunni og enginn dómsúrskurður hafi legið fyrir til líkamsrannsóknar sem falist hafi í sýnatökunni, sbr. 78 gr. laga nr. 88/2008.

Framangreint atferli lögreglunnar flokkist undir handtöku á grundvelli X. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og frelsissviptingu og líkamsrannsókn á grundvelli 77. gr., sbr. 2. mgr. 78. gr. laganna. Lög um meðferð sakamála geri ráð fyrir því að sakborningur sem hefur þurft að þola slíkar aðgerðir og er sýknaður, eða mál gegn honum fellt niður, skuli eiga rétt á bótum, sbr. 2. mgr. 246. gr. sömu laga. Því sé ljóst að stefnandi þessa máls uppfylli öll skilyrði ákvæðisins.

Stefndi vísi til þess að stefnandi hafi viðurkennt að hafa neytt kannabisefna átta mánuðum fyrr. Slík málsástæða dæmi sig sjálf, auk þess sem engin kannabisefni hafi fundist í blóði hans í kjölfarið. Þá sé ljóst að sú málsástæða að stefnandi hafi ekki getað framvísað lyfjaskírteini á staðnum sé byggð á misskilningi. Stefnandi hafi ekki verið óhæfur til að stjórna ökutæki, í þeim skammtastærðum er hann taki lyfin sín. Stefnandi hafi sérstaklega spurt, þegar læknir hans hafi ávísað lyfjunum, hvort þörf væri á lyfjaskírteini og verið sagt að svo væri ekki. Það komi ekki á óvart enda hafi hann verið hæfur til að stjórna ökutæki á umræddum lyfjum, bæði að mati læknisins, samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði frá B, lækni á Sjúkrahúsinu Vogu, og að mati lögreglu.

Það lagaákvæði sem stefndi vísi til í höfnunarbréfi, þ.e.a.s. 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga, eigi augljóslega ekki við. Ákvæðið gildi einungis í þeim tilvikum þegar ökumaðurinn hafi sannanlega brotið umferðarlögin með ölvunarakstri eða lyfjaakstri. Aksturinn þurfi að hafa verið ólöglegur og varða viðurlögum, svo sem sektum, missi ökuréttar o.s.frv., sbr. 1. mgr. og 5. mgr. sama lagaákvæðis. Í þessu máli liggi fyrir að lögreglan sjálf hafi að endingu einmitt talið stefnanda hæfan til að stjórna ökutækinu, enda hafi málið gegn honum verið fellt niður. Það sé staðfesting á því að hann hafi ekki brotið af sér og að engin þörf hafi verið á að vera með lyfjaskírteini við aksturinn. Hefði

stefnandi brotið gegn slíkri lagaskyldu hefði embættið væntanlega átt að ákæra hann í kjölfarið fyrir lögbrot.

Framangreind málsástæða stefnda beri merki um misskilning á inntaki 246. gr. laga nr. 88/2008. Ákvæðið feli í sér *hlutlæga bótareglu*. Skilyrðin séu einföld, þ.e.a.s. að beitt hafi verið þvingunaraðgerðum og að málið hafi verið fellt niður. Bæði skilyrðin séu hér uppfyllt. Engu máli skipti hversu vel eða illa lögregluþjónar hafi staðið að verki eða hvort aðgerðir þeirra á staðnum hafi verið að gefnu tilefni miðað við aðstæður. Stefndi virðist telja að málið snúist um að sýna fram á að lögregla hafi mátt telja rökstuddan grun um brot vera fyrir hendi og að því hafi verið full ástæða til þvingunaraðgerða lögreglu. Jafnvel þó svo væri skipti það engu máli hér þar sem stefnandi hafi verið beittur þvingunaraðgerðum og málið síðan fellt niður.

Í höfnunarbréfi segi stefndi að sé bótaskylda fyrir hendi sé hún fallin niður vegna 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Þessi málsástæða sé algerlega órökstudd og vanreifuð. Engin leið sé að halda slíku efnislega fram í málinu, enda verði ekki séð að stefnandi hafi með nokkrum hætti valdið aðgerðum lögreglu. Stefnandi hafi ekkert sér til sakar unnið og hafi ekki verið undir neinum áhrifum lyfja, nema þeirra sem hann hafi lyfseðil fyrir og hafi ekki áhrif á aksturshæfni hans í þeim skömmtum sem hann taki þau.

Stefnandi geri alvarlega athugasemd við matsgerðina sem stefndi hafi lagt fram með höfnun á bótaskyldu. Þau efni sem þar komi fram séu innihaldsefni Suboxone. Matsgerðin sé í andstöðu við læknisvottorð þess læknis sem skrifað hafi upp á lyfið. Ef matsgerðin stæðist væru allir þeir sjúklingar er taki Suboxone, í öllum tilvikum og að staðaldri, óhæfir til stjórnunar ökutækja. Svo sé ekki og það sé væntanlega ástæða þess að málið gegn stefnanda hafi verið fellt niður. Almennt sé viðurkennt um heim allan að notendur Suboxone megi keyra bifreið þegar læknir hafi metið viðkomandi hæfan til þess. Yfirleitt þýði það einungis að viðkomandi þurfi að hafa tekið lyfið í a.m.k. nokkra daga þannig að jafnvægi sé náð. Því beri að hafna niðurstöðu þessa skjals með vísan til læknisvottorðsins. Svo sem fram komi í vottorðinu hafi stefnandi staðið sig gríðarlega vel í bataferlinu, eftir mjög erfiða baráttu við alvarlegan sjúkdóm (ópríóðafíkn). Hann taki einungis þau lyf sem læknirinn skammti honum og það í þeim skömmtum sem ekki hafi áhrif á aksturshæfni. Framkoman sem stefnanda sé sýnd beri merki um fordóma og vanþekkingu á sjúkdómi stefnanda og á þeirri baráttu sem hann þurfi nú að heyja. Ekki sé á það bætandi með því að lögreglan geti í tíma og ótíma fært hann til sýnatöku og fellt síðan niður málin bótalaust. Stefnandi muni áfram þurfa að taka lyf sín, mögulega um ókomna tíð. Málatalilbúnaður stefnda gangi út á það að hann skuli af þessum sökum vera talinn réttlaus á grundvelli 246. gr. sakamálalaga, öfugt við alla aðra borgara landsins. Stefnandi vísi þessum málatalilbúnaði stefnda til föðuruhúsanna.

Gögn málsins og dómaframkvæmd séu skýr um það að stefnandi hafi sannarlega verið beittur þvingunaraðgerðum í skilningi laga nr. 88/2008. Því beri að dæma honum

bætur vegna þess, sbr. 246. gr. laganna. Bótakrafa stefnanda í málinu sé að fjárhæð 2.000.000 króna, eða lægri fjárhæð að mati dómsins. Stefnandi geri sér grein fyrir því að dómafordæmi mæli fyrir um mun lægri bótafjárhæðir í sambærilegum málum, en hann vilji tryggja að málið nái áfrýjunarfjárhæð til Landsréttar og ráðist stefnukrafan af því. Það sé annars lagt í mat dómsins hver endanlega bótafjárhæðin eigi að vera.

Vísað sé til ákvæða laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, einkum 90. gr., 77. gr., 78. gr., 246. gr. og 248. gr. og til ákvæða XIII. kafla sömu laga. Vaxta sé krafist samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá hinum bótaskylda atburði þar til liðinn var mánuður frá því að bótakrafa var sett fram. Dráttarvaxta sé krafist frá því að mánuður var liðinn frá kröfubréfi á hendur stefnda til greiðsludags, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og varðandi varnarþing vísist til 3. mgr. 33. gr. sömu laga.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Stefndi mótmælir málsástæðum og kröfum stefnanda og mótmælir atvikalýsingu í stefnu sem sé í andstöðu við það sem stefndi haldi fram.

Í stefnu komi fram að blóðprufan hafi væntanlega sýnt fram á sakleysi stefnanda enda hafi verið tilkynnt um að rannsókn málsins hefði verið hætt. Stefndi vísi til niðurstöðu matsgerðar Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði um að telja megí víst að ökumaður hafi af sökum, sem nánar sé þar lýst, ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Því sé ekki haldið fram af hálfu stefnda að stefnandi hafi þrátt fyrir allt verið sekur, en það sé ekki rétt sem segi í stefnu að í niðurfellingarbréfi hafi komið fram að enginn grundvöllur hefði verið til að halda rannsókn málsins áfram. Þá sé stefndi, með vísan til niðurstöðu matsgerðar, ósammála þeirri fullyrðingu í stefnu að stefnandi hafi sannanlega ekki verið undir neinum áhrifum, enda hafi rannsókn á blóði sýnt fram á aðra niðurstöðu.

Í ljósi fordæmis byggi stefndi ekki á því í þessu máli að stefnandi hafi ekki verið beittur þvingunarráðstöfunum sem jafna megí til IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sem sé skilyrði bótaréttar á grundvelli 246. gr. þeirra laga. Lögregla hafi veitt ökutækinu [...] eftirtekt og hafi ákveðið að stöðva för þess og kanna ástand ökumanns, sem reynst hafi vera stefnandi. Á grundvelli þeirra heimilda sem lögreglu séu veittar samkvæmt 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hafi stefnandi verið færður á lögreglustöð til þvagsýnatöku. Því sé lýst í lögregluskýrslu að þvagsýnataka hafi ekki heppnast en framkvæmd hafi verið blóðsýnataka og hafi stefnandi verið frjáls ferða sinna að henni lokinni. Umrædd handtaka og sýnataka hafi verið reist á heimildum lögreglu í þágu almenns umferðareftirlits og löggæslu samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019, m.a. 52. gr. sbr. IX. kafla laga nr. 77/2019. Staðið hafi verið löglega að öllum aðgerðum lögreglu í málinu og engri sök sé fyrir að fara hjá lögreglu. Rökstuddur grunur hafi verið

fyrir hendi um að stefnandi hefði gerst sekur um brot gegn 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Stefndi mótmæli því að höfnun á greiðslu bóta hafi verið byggð á óljósum forsendum og mótmæli því að sú málsástæða sem fram komi í höfnunarbréfi ríkislögmanns, að stefnandi hafi ekki getað framvísað lyfjaskírteini á staðnum, sé byggð á misskilningi. Stefnandi dragi of víðtækar ályktanir af niðurfellingu rannsóknar, m.a. þær að stefnandi hafi verið hæfur til að stjórna ökutæki á umræddum lyfjum að mati lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og að engin þörf hafi verið á að vera með lyfjaskírteini við aksturinn. Ósannað sé að læknir hafi tjáð stefnanda að ekki væri þörf á lyfjaskírteini. Stefndi sé ósammála túlkun stefnanda á 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og mótmæli því að um misskilning stefnda sé að ræða á inntaki ákvæðis 246. gr. sakamálalaga. Stefndi átti sig á því að í 246. gr. sakamálalaga felist hlutlæg bótaregla, en stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir öllu sem bótakröfu hans viðkemur. Aðgerðir lögreglu hafi verið mjög skammvinnar 10. september 2023, þ.e. frá kl. 10:28 til 11:19.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að skilyrði 246. gr. laga nr. 88/2008 séu uppfyllt sé á því byggt að aðgerðir lögreglu hafi verið lögmætar í alla staði og fullnægt hafi verið lagaskilyrðum fyrir þeim ráðstöfunum sem beitt hafi verið. Á því sé byggt að fella eigi niður bætur vegna eigin sakar stefnanda, sbr. 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Þar komi fram að fella megi niður bætur hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Samkvæmt matsgerð hafi verið talið víst af ástæðum sem þar greini að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Það breyti ekki sjónarmiðum um eigin sök að mál stefnanda hafi verið fellt niður hjá lögreglu. Vísað sé til lögregluskýrslu um hvernig ástand stefnanda horfði við lögreglu þegar för hans var stöðvuð. Stefnandi hafi sagst nota lyfið Suboxone og ýmis önnur lyf, en hafi ekki getað lagt fram tilskilin gögn til staðfestingar á því, í samræmi við 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, og hann hafi ekki verið með lyfjaskírteini. Stefnandi hafi ekki framvísað vottorði í samræmi við framangreind fyrirmæli umferðarlaga fyrr en tíu dögum eftir umrædd afskipti lögreglu. Með vísan til framangreinds rökstuðnings hafni stefndi sjónarmiðum stefnanda um að þessi málsástæða, þ.e. um eigin sök, sé vanreifðuð.

Stefndi hafni athugasemdum stefnanda við matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Þar komi m.a. fram að mælst hafi búprenorfín, norbúprenorfín og Quetiapine í blóðsýni stefnanda. Í matsgerðinni komi fram að lyfið búprenorfín hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti skert hæfni manna til aksturs bifreiða jafnvel þegar það er tekið í lækningalegum skömmtum. Niðurstaða matsgerðarinnar sé að telja megi víst að stefnandi hafi ekki getið stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Stefndi mótmæli ýmsum eigin ályktunum sem stefnandi dragi í stefnu af því að málið hafi verið fellt niður. Læknisvottorð B hnekki ekki umræddri matsgerð.

Þá mótmæli stefndi harðlega ummælum í stefnu um að sú framkoma sem stefnanda sé sýnd í málinu beri merki um fordóma og vanþekkingu á sjúkdómi stefnanda og þeirri baráttu sem hann þurfi að heyja og að lögreglan geti í tíma og ótíma fært hann til sýnatöku og felld síðan niður málin bótalaust.

Varakröfu um verulega lækkun stefnukröfu styðji stefndi við sömu málsástæður og sjónarmið og aðalkröfu sína hér að framan. Stefnukrafan sé allt of há og sé ekki í samræmi við dómaframkvæmd vegna svo skammvinnra aðgerða. Sé gengið út frá því að 246. gr. sakamálalaga eigi við beri að lækka bætur, þar sem stefnandi hafi valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, sbr. 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Vísast til sama rökstuðnings og að framan greinir vegna eigin sakar í aðalkröfu um sýknu.

Stefndi mótmæli vaxta- og dráttarvaxtakröfu stefnanda og telur að ef dæma á vexti eða dráttarvexti sé það í fyrsta lagi frá dómsuppsögu. Vegna málskostnaðarkröfu vísast til 130. gr. laga nr. 91/1991.

### **Niðurstaða**

Mál þetta snýst um bótakröfu stefnanda vegna aðgerða lögreglu. Málsatvikum og ágreiningsefnum er lýst í sérstökum kafla hér að framan og vísast til þess sem þar kemur fram. Við aðalmeðferð málsins féll stefndi frá þeirri málsástæðu, sem höfð var uppi í greinargerð, að bótakrafa stefnanda eigi sér ekki stoð í hlutlægri bótareglu 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

Í 1. mgr. þess lagaákvæðis segir að maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli eigi rétt til bóta skv. 2. mgr. ef mál hans hefur verið felld niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. lagaákvæðisins segir að dæma skuli bætur vegna aðgerða skv. IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó megi fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.

Óumdeilt er að stefnandi sætti þvingunaraðgerðum, sem, með hliðsjón af dómi Landsréttar í máli nr. 363/2024, teljast með lögjöfnun vera aðgerðir sem verða felldar undir 246. gr. laga nr. 88/2008, samkvæmt þeim köflum laganna sem þar greinir. Því er óumdeilt að skilyrði 1. mgr. og fyrri málsliðar 2. mgr. lagagreinarinnar séu uppfyllt í málinu og að mál lögreglu hafi verið felld niður í skilningi 1. mgr. greinarinnar.

Stefndi mótmælir engu að síður málatilbúnaði og málsástæðum stefnanda. Ágreiningur aðila snýst um það hvort stefnandi hafi valdið eða stuðlað að aðgerðunum, þ.e. handtöku og blóðsýnatöku, í skilningi síðari málsliðar 2. mgr. 246. gr. laganna, þannig að fella beri niður bætur honum til handa, eða lækka fjárhæð þeirra.

Í fyrirnefndum dómi Landsréttar í máli nr. 363/2024 var það niðurstaða réttarins í því máli að fella niður bætur á þessum grundvelli, enda þótt ekki hefði mælst efni í blóðsýni ökumanns sem bentu til nýlegrar neyslu á kannabisefnum, sem hann hafði verið grunaður um og var tilefni handtöku hans og sýnatöku. Í málinu hafði komið fram að sá grunur hefði vaknað þar sem kannabislykt hefði fundist og að á ökumanni hefðu verið sjáanleg einkenni, munnþurrkur og rauðleit augnhvíta. Í dómi Landsréttar kemur fram að ökumaðurinn hefði mátt reikna með því að þurfa að sæta umræddum rannsóknar- og þvingunaraðgerðum og því verði að líta svo á að ökumaður hefði með hegðun sinni valdið eða stuðlað sjálfur að þeim aðgerðum lögreglu sem hann reisti kröfur sínar á.

Í skýrslu lögreglu í þessu máli kemur fram um tilefni handtöku stefnanda og sýnatöku 10. september 2023 að sjáöldur stefnanda hafi verið áberandi útþanin og hann hafi verið sljór í háttum, þurr í munn og fjarrænn. Hann hafi viðurkennt neyslu á kannabisefnum fyrir átta mánuðum, en jafnframt tekið fram að hann væri að nota Suboxone og ýmis önnur lyf, sem hann hafi sagt að ekki væru þríhyrningsmerkt. Þá hafi hann sagst ekki vera með lyfjaskírteini. Ekki hafi gengið að fá þvagsýni hjá stefnanda, en blóðsýni verið tekið og sent til rannsóknar. Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti þar atvikum í meginatriðum með sama hætti og gert er í skýrslu lögreglu og teljast þau atvik óumdeild. Stefnandi tók þó fram að lögregla hefði sagt að hann væri með víð sjáöldur en um það kvaðst hann sjálfur ekkert vita.

Stefnandi framvísaði síðar vottorði frá lækni, sem gefið var út 20. september 2023, þ.e. 10 dögum eftir fyrrgreind atvik og meðan enn var beðið niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni hans. Í vottorðinu staðhæfir læknirinn að stefnandi taki Suboxone daglega og að lyfið í þeim skömmtum sem hann taki hafi ekki áhrif á stjórnun ökutækja. Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði byrjað að taka lyfið Suboxone um níu mánuðum áður, þegar hann hefði verið orðinn edrú á Vogu, og að hann hefði vanist því. Hann kvaðst í upphafi hafa spurt lækni hvort hann þyrfti lyfjakort, en verið sagt að hann þyrfti þess ekki og að hann mætti keyra.

Fram kemur í matsgerð tveggja lyfjafræðinga á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 19. október 2023, að í blóðsýni stefnanda hafi mælst 72 ng/ml af Quetiapini, sem sé lyf í flokki geðrofslyfja sem virki aðallega á miðtaugakerfið og geti haft áhrif á árvekni. Þá hafi þar mælst 15 ng/ml af efninu búprenorfíni, sem sé verkjalyf í flokki ópíata sem hafi slævandi verkun á miðtaugakerfið og geti skert hæfni manna til aksturs bifreiða, og mælst hafi 14 ng/ml af norbúrprenorfíni, sem sé virkt umbrotsefni þess efnis. Þá segir í matsgerðinni að af þessum sökum megi telja víst að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti.

Vitnið C, læknir á Vogu, staðfesti fyrir dómi að rétt væri það sem fram kemur í læknisvottorði B, sem ekki starfar þar lengur. Þar á meðal mat hans á því, í þessu samhengi, að lyfið í þeim skömmtum sem stefnandi taki hafi ekki áhrif á stjórnun

ökutækja. Vitnið staðfesti jafnframt að lyfið sem stefnandi tekur, Suboxone, væri ávanabindandi ópíóðalyf og væri örugglega þríhyrningsmerkt lyf. Slík merking gefur til kynna að lyf geti haft áhrif á viðbragðsflýti og aksturshæfni. Vitnið C skýrði nánar fyrir dóminum að með töku lyfsins verði aðlögun, þol myndist og það hafi þá ekki sömu slævandi áhrif á aksturshæfni og fyrst eftir að taka lyfsins hefst. Blóðprufa stefnanda sýni hátt gildi efnisins búprenorfíns, sem lyfið inniheldur, en hátt gildi niðurbrotsefnisins norbúprenorfíns sýni virkt niðurbrot sem bendi til þess að stefnandi taki lyfið að staðaldri. Læknirinn taldi það geta samræmst því sem fram komi í læknisvottorði B og þeim tíma sem stefnandi muni þá hafa tekið lyfið.

Í 8. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er að finna heimild til að ökumaður verði ekki beittur viðurlögum vegna lyfjaaksturs, m.a. ef hann hefur meðferðis við stjórn ökutækis vottorð læknis er sýni fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælast, og tekið sé fram í slíku vottorði að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um að stjórna ökutæki, sbr. 9. mgr. sömu lagagreinar. Ekki verður fallist á það með stefnanda að þessi heimild í umferðarlögum skipti engu máli eins og hér stóð á, heldur verður að telja að stefnandi hafi átt þess kost að framvísa vottorði sem skýrt gæti ástand hans og hefði getað haft áhrif á grunsemdir lögreglu um ólögmatan lyfjaakstur.

Lyfið sem stefnandi nefndi sjálfur við lögreglu að hann tæki er ávanabindandi ópíóðalyf. Auk þess er upplýst að stefnandi hafi tekið inn annað lyf, geðrofslyf sem samkvæmt matsgerð verkar á miðtaugakerfið og getur haft áhrif á árvekni. Þegar stefnandi var stöðvaður af lögreglu hafði hann ekkert vottorð frá lækni meðferðis, lyfjaskírteini eða annað sem sannaði að ópíóðalyfinu Suboxone væri ávísað til hans sjálfs frá lækni eða að hann hefði myndað þol sem kæmi í veg fyrir að hann yrði óhæfur til að aka bifreið þrátt fyrir inntökuna á því lyfi eða öðrum. Þar sem fyrir liggur að stefnandi hafði ekki með sér slíkt vottorð vegna lyfjatöku sinnar eða lyfjaskírteini átti lögregla ekki annars kost, eins og á stóð og stefnandi kom fyrir sjónir, en þess að beita stefnanda umræddum rannsóknar- og þvingunaraðgerðum.

Vottorð læknis um lyfjatöku og aksturshæfni stefnanda var ekki gefið út fyrr en 10 dögum eftir afskipti lögreglu. Enn síðar barst lögreglu niðurstaða matsgerðar, m.a. um hátt gildi niðurbrotsefnis, sem að virtum framangreindum vitnisburði læknis um þolmyndun og aksturshæfni getur skipt máli eins og hér stóð á. Með hliðsjón af reglum um sönnunarbyrði í sakamálum, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008, var það því eðlileg ákvörðun lögreglu að fella niður rannsókn málsins þegar þetta allt var komið fram.

Að öllu framangreindu virtu og með hliðsjón af fyrrnefndum dómi Landsréttar í máli nr. 363/2024 verður að telja að stefnandi hefði mátt reikna með því að þurfa að sæta umræddum rannsóknar- og þvingunaraðgerðum og að líta verði svo á að hann hafi með hegðun sinni valdið eða stuðlað sjálfur að þeim aðgerðum lögreglu sem hann reisir kröfur

sínar í málinu á. Dómurinn fellst því á sýknukröfu stefnda með vísan til 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

Eftir atvikum þykir þó rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Stefnandi hefur gjafsókn í málinu og greiðist allur gjafsóknarkostnaður hans því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun Jóhannesar S. Ólafssonar lögmanns, sem hæfileg er ákveðin 500.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af dómkröfum stefnanda, A.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun Jóhannesar S. Ólafssonar lögmanns, 500.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir